

Alþingi

Nefndasvið (nefndasvid@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2018

Sent með tölvupósti

149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 70 — 70. mál.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (Endurupptökudómur).

Laganefnd LMFÍ vísar til fyrri umsagna sinna, dags. 29. maí 2017 til Innanríkisráðuneytisins og dags. 14. maí 2018 til nefndasviðs Alþingis um fyrri útgáfur frumvarpa til laga um stofnun endurupptökudómstóls. Nýtt frumvarp til laga um endurupptökudómstóls er nú til meðferðar hjá nefndarsviði Alþingis. Laganefnd LMFÍ gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Í fyrsta lagi telur nefndin jákvætt að tekið hafi verið mið af fyrri umsögnum laganeftndar og til standi að fjölga þeim dómurum við endurupptökudómstólinn sem ekki eru embættisdómarar úr einum í tvo, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Að mati laganeftndar er það til þess fallið að skapa traust á dómstólnum.

Í öðru lagi gerir laganeftnd athugasemd við ákvæði 6. tl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins um að gjafsókn skuli ekki veitt í endurupptökumálum. Ekki verður séð að rök séu fyrir því að útiloka gjafsókn fyrirfram í þessum tegundum mála.

Þess skal getið að skilyrði til gjafsóknar til reksturs dómsmála eru almennt þröng í íslenskum rétti. Þannig mætti gera ráð fyrir því að gjafsóknarbeiðnum yrði í flestum tilfellum hafnað í framkvæmd vegna endurupptökumála, eins og í öðrum tegundum mála. Kostnaður ríkissjóðs af gjafsóknum vegna endurupptökumála yrði þannig að líkindum óverulegur.

Hins vegar má ímynda sér þá stöðu að nauðsynlegt kunni að vera fyrir efnalítinn einstakling að leita sér gjafsóknar, til að standa straum af rekstri máls fyrir Endurupptökudómi, t.d. ef viðkomandi hefur verið ranglega sakfelldur í refsímáli en hefur ekki ráð á því að leita sér lögmannsaðstoðar. Gjafsókn kann að vera bein forsenda þess að viðkomandi hafi aðgang að dómstólnum. Fyrirfram útilokun á

LAGANEFND LMFÍ

gjafsókn í endurupptökumálum takmarkar þannig í senn aðgengi almennings að dómstólum og getur staðið í vegi fyrir því að rangar dómsúrlausnir séu leiðréttar.

Í þriðja lagi gerir laganefnd athugasemd við ákvæði 6. tl. 1. mgr. 7. gr. frumvarpsins um að málskostnaður skuli ekki dæmdur fyrir Endurupptökudómi. Ekki verður séð að rök séu fyrir því að útiloka fyrirfram að málskostnaður sé dæmdur í þessum tegundum mála.

Meginreglan er sú, bæði í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, að málskostnaður er dæmdur þeim aðila sem vinnur dómsmál í meginatriðum. Þannig væri það í samræmi við almennar reglur íslensks réttar að málskostnaður yrði dæmdur fyrir Endurupptökudómi.

Þá væri það t.d. mögulega óréttlátt gagnvart endurupptökubeiðanda sem vinnur endurupptökumál vegna ranglátrar sakfellingar að hann fái ekki málskostnað dæmdan frá íslenska ríkinu. Réttlátt er, að mati laganefndar, að íslenska ríkinu verði gert að bera málskostnað endurupptökubeiðanda, ef sakfellingardómur er endurupptekinn.

Fyrirkomulagið getur einnig falið í sér töluverða ósannngirni gagnvart þeim aðila sem verjast þarf endurupptöku. Í endurupptökumáli milli tveggja einkaaðila má t.d. ímynda sér að varnaraðili hljóti verulegan kostnað af því að verjast endurupptökubeiðni á dómi í máli aðila. Óréttlátt er að mati laganefndar endurupptökubeiðandi geti bakað gagnaðila sínum málskostnað vegna tilhæfulausrar endurupptökubeiðni, án þess að þurfa að bæta honum hann.

Samkvæmt framansögðu leggur Laganefnd LMFÍ til að eftirfarandi orðalag í 6. tl. 1. mgr. 7.gr. frumvarpsins verði fjarlægð: „*Gjafsókn verður þó ekki veitt vegna endurupptökumála og málskostnaður ekki dæmdur.*“ Lagt er til að almennar reglur, sambærilegar þeim og gilda t.d. í XX.-XXI kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, gildi um gjafsókn og málskostnað.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar LMFÍ



Geir Gestsson, formaður.